

Nd.

68. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf 1. málsg. 13. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku bænda og félags- og stéttarsamtaka bænda um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er skylt að innleysa á nafnverði hlutabréf annarra hluthafa, sem hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni frá því að hlutabréfin voru keypt, enda sé þeim aðilum, sem um ræðir í 13. gr. (sbr. 1. gr. hér að framan), gefinn kostur á að kaupa þau hlutabréf, sem ríkissjóður innleysir samkv. framangreindum ákvæðum.

Umboð þeirra tveggja stjórnarnefndarmanna, er núverandi hluthafar, aðrir en ríkissjóður, hafa kosið, falla þegar niður, og skulu búnaðarmálastjóri og formaður Stéttarsambands bænda taka sæti þeirra í verksmiðjustjórninni, unz sölu þeirra hlutabréfa, sem um ræðir í þessari grein, er lokið og hinir nýju hluthafar hafa kosið tvo stjórnarnefndarmenn samkv. 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar fyrst var borið fram frumvarp á Alþingi um að stofna og reka áburðarverksmiðju hér á landi, var svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður skyldi einn leggja fé til þess fyrirtækis auk lána, sem heimilt skyldi að taka vegna stofnkostnaðar verksmiðjunnar. Skyldi verksmiðjan síðan sjálf standa straum af þeim lánnum með rekstri sínum, enda var þá lagt til, að hún yrði sjálfseignarstofnun.

Á því stigi málsins, og raunar bæði fyrr og síðar, var því fram haldið, að það væri eitt af brýnustu hagsmunamálum bænda, að rekin yrði hér á landi áburðarverksmiðja.

Samkvæmt eðli málsins er það auðsætt, ekki sízt eftir að sýnt er, að áburðarverksmiðjan verður að veruleika, að bændur eiga mestra hagsmuna að gæta í sambandi við það fyrirtæki, rekstur þess og stjórn, þar sem þeir eiga og þurfa að nota aðalframleiðsluvöru verksmiðjunnar, áburðinn, við atvinnu sína. Hagkvæmni eða óhagkvæmni í rekstri áburðarverksmiðjunnar hefur því áhrif á afkomu og lífsþjargarmöguleika bænda umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Í samræmi við þetta mátti þegar í upphafi telja eðlilegt, að bændum yrði tryggður réttur til að hafa áhrif á rekstur og stjórn áburðarverksmiðjunnar. Verður nauðsyn þess þó enn ljósari, þegar það er haft í huga, að gert er ráð fyrir því, að öll lán vegna stofnkostnaðar verksmiðjunnar verði greidd á 20 árum úr rekstri hennar og þá fyrst og fremst af bændum, sem kaupa áburðinn og borga þessi lán í áburðarverðinu.

Þegar lög nr. 40 frá 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, voru samþykkt, var þannig frá þeim gengið, að heimilt var að breyta verksmiðjunni í hlutafélag, þar sem ríkissjóður yrði stærsti hluthafinn. Var þá af ýmsum talið, að þetta væri gert til þess að gefa bændum kost á að eignast hlutdeild í þessu mikilvæga fyrirtæki, sem verið var að stofna í þágu landbúnaðarins, og tryggja rétt þeirra til áhrifa á rekstur þess og stjórn.

Þegar framangreind heimild í lögum nr. 40 23. maí 1949 kom til framkvæmda og áburðarverksmiðjunni var breytt í hlutafélag, urðu hins vegar þau mistök í sambandi við það mál, að aðrir aðilar en bændur fengu að kaupa og keyptu öll þau hlutabréf, sem seld voru öðrum en ríkissjóði.

Kom það þá fljótlega í ljós, svo sem vænta mátti, að bændur undu því illa að vera sniðgengnir í þessu máli og töldu óeðlilegt, að aðilum, sem ekki höfðu sýnilega annarra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál en að öðlast hlutdeild í gróða af áburðarframleiðslu, ef um slíkt yrði að ræða, væri gefinn kostur á að eignast hlutdeild í áburðarverksmiðjunni og kjósa tvo menn í stjórn hennar, en bændum og sérsamtökum þeirra ekki. Hafa Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og fleiri félagssamtök þeirra samþykkt ályktanir þess efnis, að Alþingi hlutist til um, að hlutur bænda verði réttur í þessu efni.

Þjóðvarnarflokkur Íslands hefur áður látið í ljós þá skoðun, að hann telji, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða af hálfu bænda með tilliti til eðlis málsins.

Fyrir okkur flutningsmönnum þessa frumvarps vakir því það, að fá hlut bænda réttan og koma til móts við óskir þeirra í þessu máli, jafnframt því að þau mistök, sem orðið hafa í sambandi við hlutabréfasölu í áburðarverksmiðjunni, verði leiðrétt.

Þess vegna leggjum við til, að lögum nr. 40 23. maí 1949 verði breytt á þann veg, að það sé ótvírætt, að bændur og sérsamtök þeirra eigi rétt á að eiga og reka áburðarverksmiðjuna móti ríkissjóði og aðrir ekki.

Í samræmi við það leggjum við svo til, að þau hlutabréf, sem þegar hafa verið seld, verði endurkeypt af ríkissjóði, þeim að skaðlausu, sem keypt hafa, og endurseld bændum og sérsamtökum þeirra.

Kostnaður ríkissjóðs af þessum sjálfstöðu breytingum yrði svo lítill, að ekki væri ástæða til að horfa í hann og allra sízt, ef það er haft í huga, að hér er um að ræða eitt af mikilvægustu fyrirtækjum í þágu bændastéttarinnar, sem á eftir að hafa mikil áhrif á hag hennar og afkomu um langa framtíð.